

Pétur Ingi Haraldsson,  
skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnессýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



**UMHVERFISSTOFNUN**

Reykjavík, 8. apríl 2013  
Tilvísun: UST20130200176/ksj

## **Deiliskipulags- og matslýsing Tillaga að deiliskipulagi Hagavatnsskála**

Fyrirhuguð er vinna við gerð deiliskipulags skálasvæðis við Hagavatn. Núverandi skáli er í eigu Ferðafélags Íslands. Skálinn stendur í um 345 m h.y.s. skammt austan við Hagavatn, á milli Einifells og Jarlhettu. Gistiskálinn er járnklætt timburhús á steyptum sökkli, reistur árið 1942. Vestan við skálann er staðsettur kamar

### **Deiliskipulag**

Helstu viðfangsefni væntanlegrar tillögu að deiliskipulagi eru: Að staðfest verði lóðamörk og lóðarstærð. Að áætla stækjun/endurnýjun salernishúss. Að ákvarða byggingarreit fyrir nýjan gistiskála. Einnig verður gerð athugun á möguleikum á vatnsbóli í grennd við skála, en skortur er á fersku vatni.

### **Sjónræn áhrif**

Umhverfisstofnun tekur undir að á hálendi eru mannvirki vel sýnileg og því er mikilvægt að hugað sé að sjónrænum áhrifum og að því að fella framkvæmdir að umhverfinu.

### **Grunnástand**

Brekkur og hlíðar í grennd við skálann eru grösugar en malaraurar Farsins eru áberandi. Umhverfisstofnun tekur undir að gróður er viðkvæmur á álendinu og telur mikilvægt að við framkvæmdir sé umhverfinu ekki raskað að óþörfu.

## Aðgengi


Í greinargerð kemur fram að akfært er fyrir jeppa eftir Hagavatnsvegi F335, frá Kjalvegi. Í tillögu að deiliskipulagi er mikilvægt að fram komi þeir slóðar er liggja að ofangreindum gistiskála og hvernig aðkomunni skuli haldið þannig að ásættanlegt sé. Einnig er mikilvægt að fram komi hvaða áhrif stækkan skálans komi til með að hafa á umferð að og frá gistiskálanum þ.e. metin verði sú aukning umferðar á svæðinu er framkvæmdir muni hafa í för með sér.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir

Sérfræðingur



Björn Stefánsson

Sérfræðingur

Skipulagsstofnun